



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 24. janúar 2012

Niðurstöður athugunar á tilteknum upplýsingum í eiginfjárskýrslu Landsbankans hf.

Með vísan til 9. gr. a laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og gagnsæisstefnu Fjármálaeftirlitsins birtir stofnunin hér með gagnsæistilkynningu um samandregnar niðurstöður athugunar á tilteknum upplýsingum í eiginfjárskýrslu Landsbankans hf.

Fjármálaeftirlitið gerði athugun á tilteknum upplýsingum í eiginfjárskýrslu Landsbankans hf. miðað við 30. september 2010 á grundvelli heimildar í 9. gr. laga nr. 87/1998. Fjármálaeftirlitið aflaði upplýsinga og gagna í tengslum við athuginina á tímabilinu mars 2011 til ágúst 2011.

Athuginin beindist fyrst og fremst að flokkun lána Landsbankans hf. með veði í viðskipta- og íbúðarhúsnæði í áhættuvogir. Jafnframt beindist hún að þekkingu, skilningi og viðhorfi starfsmanna bankans, gæðum upplýsingakerfa og hvernig bankinn væri í stakk búinn til að afhenda upplýsingar. Fjármálaeftirlitið lauk athugininni með skýrslu dagsettri 15. nóvember 2011 eftir að Landsbankanum hf. hafði verið gefinn kostur á að koma á framfæri andmælum sínum.

Fram kemur í skýrslu Fjármálaeftirlitsins að ákveðin atriði í framkvæmd Landsbankans hf. hafi verið aðfinnsluverð og eru helstu athugasemdir í skýrslunni eftirfarandi:

- Reglum nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja er ekki fyllilega fylgt eftir við flokkun á útlánum með veði í íbúðarhúsnæði í 35% áhættuvog og því leikur vafi á því hvort að öll lán í 35% áhættuvog séu réttilega flokkuð.
- Gerð er athugasemd við skráningu lána og trygginga í upplýsingatæknikerfi bankans. Bankinn þarf að koma á skilvirku innra eftirliti við skráningarferlið með það að markmiði að lágmarka villuhættu, þ.e. að fasteign sé rétt flokkuð sem viðskiptahúsnæði eða íbúðarhúsnæði.

Fjármálaeftirlitið vill taka fram að framkvæmd Landsbankans hf. hafði óveruleg áhrif á eiginfjárhlutfall bankans og því ekki teljandi áhrif fyrir viðskiptamenn, kröfuhafa eða hluthafa bankans.

Með vísan til 10. gr. laga nr. 87/1998 fór Fjármálaeftirlitið fram á úrbætur í samræmi við athugasemdir sem gerðar voru í skýrslunni. Fjármálaeftirlitið beindi þeim tilmælum til Landsbankans hf. að yfirfara verkferla við útfyllingu eiginfjárskýrslna og endurskoða lána- og tryggingakerfi bankans. Fjármálaeftirlitið fór einnig fram á að stjórn Landsbankans hf. fæli innri endurskoðunardeild að yfirfara úrbætur bankans og skila stofnuninni skýrslu þess efnis.

Fjármálaeftirlitið mun uppfæra gagnsæistilkynningu þessa á vefsíðu stofnunarinnar þegar skýrsla Landsbankans hf. um úrbætur liggur fyrir.